

Alexis Tsipras: Ekki búast við skilyrðislausri uppgjöf

Eftir Styrmi Gunnarsson

„Við leitum eftir heiðarlegri málamiðlun við lánardrottna en ekki búast við skilyrðislausri uppgjöf,“ sagði Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikkja, í ræðu í gríska þinginu í gær. Hann sagði að Grikkir hefðu lagt fyrir lánardrottna hugmyndir um að koma böndum á smygl á benzíni og tóbaki, eftirlit með fjármagnstílfærslum til erlendra banka og stöðvun vsk-svindls.

Það er kominn tími til að forréttindastéttin borgi, sagði Tsipras og að arðránið á millistéttinni og launþegum verði stöðvað.

Þá sneri hann sér að leiðtogum stjórnarandstöðunnar og hvatti þá til að hætta að vera málpípur hinna erlendu lánardrottna.

Antonis Samaras, fyrrum forsætisráðherra svaraði og sagði:

„Við tókum öngþveiti í arf og skiluðum frá okkur ríki. Þið tókuð við ríki og ætlið að breyta því í öngþveiti“, sagði Samaras að sögn gríska vefmiðilsins ekathimerini.